

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri



Reykjavík, 3. júní 2021

Efni: Skammtímalausn við Hof fyrir langtímabiðstæði hóp bifreiða

Þann 2. júní sl. áttu Samtök ferðaþjónustunnar ásamt Gunnari M. Guðmundssyni framkvæmdastjóra SBA og fulltrúa hóp bifreiðanefndar SAF, fund með Pétri Inga Haraldssyni sviðstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar. Á fundinum var m.a. rætt um langtímastæði hóp bifreiða og mikilvægi þess að slík stæði verði skilgreind í langtímaskipulagi til að koma í veg fyrir að hóp bifreiðum verði lagt næturlengt eða í bið eftir farþegum víðsvegar um bæjarfélagið.


Í dag eru engin sérstök langtímastæði fyrir hóp bifreiðar á Akureyri. Það hefur í för með sér að hóp bifreiðum er lagt víðsvegar um bæinn og oft á tíðum með þeim hætti að þeim er lagt í stæði þar sem ekki er gert ráð fyrir hóp bifreiðum. Er um mikið óhagræði að ræða fyrir önnur ökutæki sem þurfa að nota þau stæði, sem og fyrir íbúa bæjarins. Að því sögðu er mikilvægt fyrir alla hluteigandi aðila að finna lausn á þessu máli og finna aðstöðu fyrir langtímabiðstæði fyrir hóp bifreiðar.

Á fundinum 2. júní sl. lagði Pétur Ingi sviðstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar að sótt yrði um tímabundna ráðstöfun á aðstöðu fyrir langtímabiðstæði hóp bifreiða. Hann lagði til að SAF myndi sækja um fyrir hönd hóp bifreiðaafyrirtækja, að hóp bifreiðum yrði heimilt að leggja hóp bifreiðum á því svæði sem skilgreint er á neðangreindri mynd. Yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða þar til önnur varanleg lausn yrði fundin.

Á áðurnefndum fundi með Pétri kom fram að ekki er búið að ráðstafa neðangreindu svæði og þar til það verður gert er ekki verið að nota það undir sérstaka starfssemi. Stæðið er nálægt miðbænum og hentar því einstaklega vel sem langtímabiðstæði fyrir hóp bifreiðar. Yrði eingöngu um að ræða stæði fyrir hóp bifreiðar yfir nótt eða á meðan beðið er eftir farþegum. Ekki yrði um stæði fyrir önnur faratæki og svæðið yrði alls ekki hugsað sem langtíma geymslusvæði fyrir hvers kyns farartæki. Svæðið þarf að vera afgirt með einföldum hætti og það væri mjög hentugt að setja upp skilti þar sem yrði tilgreint að um væri að ræða stæði fyrir hóp bifreiðar og bannað væri að leggja öðrum faratækjum.

SAF leggja því til að bæjarstjórn Akureyrar að afgreiði neðangreinda tillögu:

Lagt er til að bæjarstjórn Akureyrarbæjar heimili hópbifreiðum að nýta neðangreint svæði sem langtímbíðstæði fyrir hópbifreiðar þar til því verður ráðstafað með varanlegum hætti.



Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri